

Rekstur málsins í hjerði hefur verið víta-
laus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmat.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Guðmundur Einarsson í Nesi á að
vera sýkn af kæru hins opinbera í máli
þessu. Allur af málinu bæði í hjerði og
fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður, þar með
talin málfutningslaun hins skipaða sækjanda
og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hall-
dórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar
Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra,
greiðist úr landssjóði.

Nr. 40/1897:

Hið opinbera

gegn

Arnbirni Ólafssyni, Þorkeli Þor-
kelssyni, Sigurfinni Sigurðssyni,
Bjarna Jónssyni og Guðmundi
Árnasyni.

Dómur:

Með brjefi amtmannsins yfir Suduramtinu,
dags. 11. maí þ. á., sem þinglesið var á mann-
talsþingum í Vatnleysustrandar- og Rosmhvala-
nesshreppum var staðfest og ítrekað bann hlut-
aðeigandi sýslumanns, er hann hafði útgefið 7.
jan. þ. á. gegn því að menn í nefndum hreppum
færu út í útlend botnvörpuveidiskip, er eigi væru
búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð

að landinu frá útlöndum. Eptir útkomu og birtingu banns þessa fór kærði Arnbjörn Ólafsson í Keflavík með hásetum sínum hinum meðkærðu Þorkeli Þorkelssyni, Sigurfinni Sigurðssyni, Bjarna Jónssyni og Guðmundi Árnasyni fleirsinnis, þar á meðal einnig 3. og 4. júlí þ. á., út í útlend botnvörpuskip, sem voru að veiðum hjer í Faxaflóa, án þess nánara sje upplýst, hvar skipin hafi verið, eða hvort þau hafi verið í landhelgi eður eigi; fengu kærðu fisk hjá skipverjum, sem þeir gáfu þeim eða seldu, og fluttu hann síðan í land. Tveir af hinum kærðu, Arnbjörn Ólafsson og Þorkell Þorkelsson, urðu um tíma eptir úti í einu botnvörpuskipinu, meðan hinir fóru í land, og eins tók skipstjóri sjer einu sinni far með kærðu í land og dvaldi þar til næsta dags. Fyrir þetta var mál höfðað gegn hinum kærðu fyrir lögreglu-rjetti Kjósar- og Gullbringusýslu, og var það dæmt þar 19. júlí þ. á. með þeim úrslitum, að kærðu voru fyrir útferðir sínar í botnvörpuskipin og viðskipti sín við skipverja á þeim, sjerstaklega kærði Arnbjörn Ólafsson fyrir flutning á skipstjóra í land, og hann og kærði Þorkell Þorkelsson fyrir dvöl úti á skipi botnverpinga, dæmdir til að greiða sekt til landssjóðs fyrir brot gegn fyr-tjedu banni sýslumanns og amtmanns og fyrir hlutdeild í broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875 um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og var sektin ákvedin fyrir Arnbjörn Ólafsson 40 kr., Þorkel Þorkelsson 10 kr., og fyrir hvern hinna þriggja kærðu 5 kr. Svo skyldu kærðu og allir

fyrir einn og einn fyrir alla greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur eptir ósk hinna dómfelldu verið skotið til yfirdómsins.

Bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringu-sýslu 7. jan. þ. á., er fyr er getið, og sem staðfest var með áður umgetnu amtsbrjefi 11. maí þ. á., hefur eigi verið framlagt í málinu, en undirdómarinn tjáir það í dómi sínum »byggt á almennum sóttvarnarfyrirskipunum«. Með áður áminntum ferðum út í útlend botnvörpuskip verður eigi sjeð, að kærðu hafi gjörzt brotlegir gegn neinum ákvæðum í sóttvarnarlögum þeim, er í gildi eru, því síður sem alls óupplýst er um það, hvort hlutadeigandi botnvörpuskip hafi eigi áður í sömu ferðinni verið búin að sýna skjöl sín á höfn hjer á landi, en bann sýslumanns eða amtmanns gat eigi verið sjálfstæður grundvöllur til að byggja á refsidóm yfir hinum kærðu. Með því að eigi verður heldur sjeð, hvernig kærðu hafa með atferli sínu, sem fyr er lýst, orðið meðsekir í nokkru broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, verður að dæma alla hina kærðu algjörlega sýkna af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur kostnaður málsins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, ber að greiðast úr landssjóði, þar með talin máflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vita-
laus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærðu Arnbjörn Ólafsson, Þorkell Þorkelsson, Sigurfinnur Sigurdsson, Bjarni Jónsson og Guðmundur Árnason eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur af málinu, bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, leidandi kostnaður greiðist úr landsjóði, þar með talin málflyttingslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 20. desembermánaðar.

Nr. 31/1897:

Valdimar Ásmundarson
gegn
Þorvaldi Björnssyni.

Dómur:

Mál þetta er upprunalega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af lögregluþjóni Þorvaldi Björnssyni gegn ritstjóra blaðsins »Fjallkonan«, Valdimar Ásmundarsyni, út af ummælum í nefndu blaði, er Þorvaldur Björnsson taldi meiðandi fyrir sig. Var það dæmt á bæjarþinginu 29. dag aprilmán. þ. á. með þeim úrslitum, að Valdimar Ásmundarsyni var gjört að greiða 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara sæta einföldu fangelsi í 15 daga; hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og